

Colas Ísland hf.  
Gulhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 30. maí 2022  
UST202203-320/G.S.Á.  
08.08.02

**Efni: Þykktarmælingar á Etil Ester geymi nr. IBL 01 - Colas Ísland hf.**

Umhverfisstofnun barst þann 30. maí sl. þykktarmælingar á geymi bikstöðvar Colas Ísland hf. Geymirinn er merktur nr. IBL 01 og stendur í þró bikstöðvarinnar í Hafnarfirði. Geymirinn er standandi, 100.000L geymir en smiðaár kemur ekki fram í mæliskýrslu.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli A. Guðmundsson og Róbert Svanson hjá Hamar ehf. Akureyri, NDK, í janúar 2022. Notaður var Olympus 45MG. 5 Mhz Serial nr: 130177407 mælir með 3mm, 6mm 9mm 12mm, 16mm og 25mm stilliklossa (Calibration blocks).

Fram kemur í skýrslu NDK ehf., að geymir lítur vel út að utanverðu og virðist nýmálaður. Geymirinn er í ágætis ásigkomulagi að innanverðu. Gólf er þó alsett tæringu og pyttir eru víða. Hliðar eru að mestu án tæringar. Pyttamælir var notaður á dýpstu pyttina og mældist geymir vel innan marka eða um 6,0mm. Á neðsta umfari mældist dýpsti pytturinn 2,7mm sem gerir c.a. 3,3 mm í efnisþykkt. Gólf og hliðar eru ómálaðar að innan. Pyttir og tæringarumerki sjást að utan en slíkt hefur verið stöðvað með málningu. Settar voru tvöföldunarplötur þar sem tæring var verst utanvert og að auki var soðið í pytti á völdum stöðum.

Meðfylgjandi er skýrsla NDK ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.  
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*  
Sigríður Kristinsdóttir  
*Teymisstjóri*